

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

20. fundur 11. desember 2003

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 11. desember 2003 í húsakynnum þess að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavardar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Húsnæðismál.
2. Aðstaða til ljósmyndunar.
3. Starfsmannamál.
4. Fjárhagsáætlun.
5. Norrænn skjaladagur.
6. Önnur mál.

1. Húsnæðismál.

Húsnæðismál safnsins voru tekin til umræðu (sbr. 19. fg., 3.1.). Héraðsskjalasafnið á nú kost á að fá leigða alla 3. hæðina í Hamraborg 1. Héraðsskjalavörður hefur fylgt málinu eftir, gerð hefur verið kostnaðaráætlun og er leigusali reiðubúinn að leigja safninu húsnæðið að fengnu samþykki bæjaryfirvalda. Í von um að það verði veitt fagnar stjórnin breytingunni og telur hana til mikilla bóta fyrir safnið ef af verður.

2. Aðstaða til ljósmyndavinnu.

Stjórnin hafði áður rætt að brýnt væri að tryggja safninu aðstöðu til myndatöku og annarrar ljósmyndavinnu sem tengist skjalavinnslunni og varðveislu heimilda (sbr. 19. fg., 6.1.a). Fram voru lögð drög að húsaleigusamningi sem héraðsskjalavörður hafði unnið að með samþykki formanns með fyrirvara um samþykki stjórnar. Emil Þór Sigurðsson ljósmyndari er skv. þeim reiðubúinn að leigja safninu húsnæði, tæki og búnað til nefndrar ljósmyndavinnu á Smiðjuvegi 11 til reynslu árlangt frá 1. des. í ár til jafnlengdar 2004. Leigufjárhæð yrði 15 þús. kr. á mánuði. Stjórnin samþykkti sammingsdrögin með fyrirvara um samþykki bæjarráðs, enda gæti safnið greitt leiguna af framlagi sínu frá Þjóðskjalasafni. Héraðsskjalaverði var falið að senda drögin óundirrituð til bæjarráðs með fundargerð þessa fundar.

3. Starfsmannamál.

Stjórnin fagnar því að samþykkt hefur verið að ráða Kristínu Þorgeirsdóttur, sem verið hefur í hálfu starfi undanfarið, í fullt starf (sbr. 19. fg., 2.1.). Mælt er með því að hún verði ráðin til reynslu í þrjá mánuði og henni fundinn viðeigandi launaflokkur, enda hætti hún þá jafnframt vinnu fyrir safnið sem verktaki.

4. Fjárhagsáætlun.

Farið var yfir fjárhagsáætlun safnsins (sbr. 19. fg., 3.1.), en fyrri umræða um fjárhagsáætlun bæjarins hafði farið fram 10. des. Hlutfallsleg hækkun milli ára er áætluð 37%. Stjórnin samþykkti fjárhagsáætlunina með þeim athugasemdum að henni þykir fulllitið áætlað til tækja og búnaðar og vekur athygli á að laun ljósmyndara og skjalavarðar hljóta að hækka um helming vegna ráðningar í fullt starf (sbr. 3.1.). Þá óskar stjórnin þess eindregið að lögbundið framlag Þjóðskjalasafns til héraðsskjalasafnsins verði bókfært þannig að færslur sjáist í fjárhagsáætlun.

5. Norrænn skjaladagur.

Sýningin sem safnið efndi til á Café Borg og var framlag þess til norræna skjaladagsins, sem haldinn var 8. nóvember (sbr. 19. fg., 4.1.), þótti vel takast og var t.d. getið í Mbl. Stjórnin lýsti yfir ánægju sinni með framtakið og atbeina héraðsskjalavarðar í því sambandi.

6. Önnur mál.

Formaður stakk upp á því að stjórnarmenn hugleiddu hvernig best yrði að því staðið að draga saman heimildir um Elliðavatnssvæðið og bjarga þeim frá glötun (sbr. 18. fg., 5.1.).

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 17.45.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leo Ingason
héraðsskjalavörður